



„Það er ekki eins og fólk gangi hér inn og sjái kunnuglega hluti,“ segir Andreas. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gesturinn skapar merkinguna sjálfur

Andreas Brunner sýnir verk sín á sýningunni Ekki brotlent enn í Hafnarhúsinu. Segir merkingu verkanna vera síbreytilega. Gjørningur er hluti af sýningunni.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Listamaðurinn Andreas Brunner sýnir verk sín í D-sal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Andreas er fæddur í Sviss og kom fyrst hingað til lands árið 2009 og nokkrum sinnum eftir það. Hann ákvað síðan að setjast að hér á landi. Hann segist engin framtíðarplön hafa þegar kemur að búsetu. „Það er mjög þægilegt að vera hér og þess vegna settist ég hér að,“ segir hann.

Yfirskrift sýningar hans er Ekki brotlent enn. Þar eru nokkur verk, mest áberandi, meðal annarra er eins konar fleki sem haldið er uppi

af uppblásnum boltum. Annað verk, sem upphaflega var hurðabankari, sýnir hönd gyðju, Persefónu, sem heldur á granatepli. Tvö vídeóverk eru á sýningunni.

Í kynningu safnsins á listamanninum segir: „Andreas forðast fullkomleika og samhverfu en laðast að hinu gallaða og brotakennda. Honum er hugleikin hugmyndin um stöðuga framvindu og umbreytingu sem samt sem áður tekur á sig birtingarmynd hringrásar.“

Ekki ein ströng merking

„Það er ekki eins og fólk gangi hér inn og sjái kunnuglega hluti,“ segir Andreas. „Sjálfur fer ég á listasöfn, ekki til að láta fræða mig heldur til að undrast. Gestir ættu að hafa forvitnina og þolinmæðina með í för þegar þeir heimsækja listasöfn,

GESTIR ÆTTU AÐ HAFNA FORVITNINA OG ÞOLINMÆÐI MEÐ Í FÖR ÞEGAR ÞEIR HEIMSÆKJA LISTASÖFN, OG ÞAÐ Á LÍKA VIÐ UM ÞESSA SÝNINGU MÍNA.

og það á líka við um þessa sýningu mína. Verkin eru hugsuð sem heild, þau eru brot sem eru sett saman en það er engin ákveðin merking í þeim. Það er gesturinn sjálfur sem skapar merkinguna.“

Spurður hvort engin skilaboð séu þá í verkunum segir hann: „Auðvitað er ég að segja eitthvað með verkum mínum en ég geri það ekki

meðvitað. Hér á það sama við og um ljóðlistina, merkingin er síbreytileg eftir því hver les ljóðið. Þannig er engin ein ströng merking í þessum verkum.“

Stöðug framvinda

Annað vídeóverkið á sýningunni er rúmlega klukkutími að lengd og er af hönd Andreas sem heldur á bráðnandi frostpinna. Hitt er af engisprettu sem gengur fram og aftur á trjágrein. Það vantar á hana fót þannig að hreyfingar hennar eru einkennilegar, minna næstum því á dans. „Ég er að sýna stöðuga framvindu og um leið eins konar hringrás,“ segir hann.

Hluti af sýningunni er gjørningur sem fer fram á mánudögum og föstudögum kl. 14.30-15 og 15.20-15.50.